

Hluthafafundur Kaldalóns hf.

Fimmtudaginn 2. júlí 2024, kl. 16:00, var haldinn hluthafafundur Kaldalóns hf., kt. 490617-1320 („félagið“), á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28.

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Lagði hann til að Bjarki Diego yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Tók þá fundarstjóri við stjórn fundarins og lagði til að Tómasi Magnúsi Þórhallssyni yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt.

Fór fundarstjóri yfir boðun fundarins og fundarsókn, en mætt var fyrir hönd hluthafa sem ráða yfir 66,57% hlutafjár félagsins. Fór fundarstjóri yfir lögmati fundarins og þar sem fundarboð er í samræmi við lög og samþykktir félagsins lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Var þá tekið til fundarstarfa. Upplýsti fundarstjóri að skv. fundarboði væru eftirfarandi mál á dagskrá aðalfundarins:

1. **Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum.**
2. **Önnur mál.**

Því næst var gengið til dagskrár.

1. **Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum.**

Fundarstjóri bauð Ásgeir Helga Reyk fjörð Gylfason velkomin í pontu til að gera grein fyrir og rökstyðja tillögu stjórnar.

Eftir að Ásgeiri Helgi hafði gert grein fyrir tillögunni lagði fundarstjóri fram eftirfarandi tillögu stjórnar sem getið verður í viðauka við samþykktir félagsins:

„Hluthafafundur Kaldalóns hf. haldinn 2. júlí 2024 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa, í eitt skipti eða oftar, fyrir hönd félagsins eigin hluti, þannig að félagið eigi samanlagt allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota til að lækka hlutafé félagsins og/eða í þeim

tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttar- eða áskriftarsamningum við starfsmenn.

Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir til 2. júlí 2026.“

Fundarstjóri lagði fram tillöguna til samþykktar og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

2. Önnur mál

Engin tillaga lá fyrir fundinum um önnur mál og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.


Fundurinn veitti fundarstjóra og fundarritara heimild til þess að rita undir fundargerðina og afhenda á skrifstofu félagsins þar sem hluthafar munu hafa aðgang að fundargerðinni.


Þá var lagt til að BBA//Fjeldco væri falið að tilkynna um ákvarðanir fundarins til fyrirtækjaskrár Skattsins. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:10.

Ofangreint staðfestist hér með.

Reykjavík, 2. júlí 2024


Bjarki H. Diego
fundarstjóri


Tómas Magnús Þórhallsson
fundarritari